Fornleifarannsókn vegna lagningu Búðafossvegar

Í landi Vindáss og Minnivalla í Rangárþingi ytra og Skaftholts í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Lilja Laufey Davíðsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Fornleifastofnun Íslands ses
Reykjavík 2023
FS933-22451

Á forsíðumynd má sjá torf í skurði 5. Torfveggurinn er strenghlaðinn og þar sjást gjóskurnar K~920 og landnámslagið í lögum. Undir veggnum sjást bæði gjóskulögin óhreyfð.

Myndina tók Lilja Laufey Davíðsdóttir

Fornleifastofnun Íslands 2023
Bræðraborgarstígur 9
101 Reykjavík
Sími: 5511033
Netfang: fsi@fornleif.is
Vefsíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit 3
Myndaskrá 4
Grunnupplýsingar 6
Staðsetningarkort 7
Útdráttur 8
Abstract 8
Inngangur 10
Markmið og framkvæmd 10
Aðferðafræði 12
Gripir 13
Vettvangsrannsókn 14
Skurður 1 – Garðlag/vörslugarður (RA-444:008) 15
Skurður 2 – Tóft RA-444:046 17
Skurður 3 – þúst (RA-444:024_04) 20
Skurður 4 – Garðlag/vörslugarður (RA-444:024_05) 21
Skurður 5 – Garðlag/vörslugarður (RA-444:009) 23
Loftmyndataka með flygildi 25
Lokaorð 31
Heimildir 35
Vikaukar 36
Viðauki 1 - Einingaskrá 36
Viðauki 2 – Ljósmyndaskrá 39
Viðauki 3 – Borkjarnaskrá 45
Viðauki 4 – Gjóskulagagreiningar 48

Myndaskrá

Mynd 1. Kortið sýnir staðsetningu Búðafossvegar á milli Árness í Skeiða-og Gnúpverjahreppi, í gegnum land Vindáss og Minnivalla í Rangárþingi ytra. 7
Mynd 2. Kortið sýnir staðsetningar minja innan rannsóknarsvæðisins og hvaða mótvægisaðgerðir voru nauðsynlegar. Kortagerð Lilja Laufey Davíðsdóttir. 11
Mynd 3. Staðsetning könnunarskurða á rannsóknarsvæðinu. 14
Mynd 4. Torfveggur [111] og önnur jarðlög í sniðinu í skurði 1. Náttúruleg jarðlög er mjög litrík og áberandi. Horft til vesturs. Ljósmyndari Stefán Ólafsson. 15
Mynd 5. Jarðlög í skurði 1. Torfveggur með Landnámslaginu og K~920 sést í skurðinum [111] og skorið hefur verið niður fyrir efni í garðinn [112]. 16
Mynd 6. Torfveggur [215] í skurði 2 og niðurgröftur [218] vinstra megin við torfvegginn. Horft til vesturs. Ljósmyndari Lísabet Guðmundsdóttir. 17
Mynd 7. Hvítt mjög þunnt mannvistarlag [217] í botni niðurgraftrar í skurði 2. Horft í vestur. Ljósmyndari Lilja Laufey Davíðsdóttir. 18
Mynd 8. Sniðteikning af skurði 2. 19
Mynd 9. Engin mannvistarlög voru sjáanleg í skurði 3. Þústin virðist hafa myndast á náttúrulegan hátt. Horft í suðvestur. Ljósmyndari Lilja Laufey Davíðsdóttir. 20
Mynd 10. Torfveggur [414] í skurði 4 sést fyrir miðri mynd. Landnámslagið og K~920 eru óhreyfð undir veggnum. Horft í vestur. Ljósmyndari Lilja Laufey Davíðsdóttir. 21
Mynd 11. Sniðteikning af jarðlögum í skurði 4. 22
Mynd 12. Torfveggur [512] í skurði 5. Í torfinu sjást allt að 10 endurtekningar af landnámslaginu og K-920. Landnámslagið og K-920 sjást einnig óhreyfð undir veggnum. 23
Mynd 13. Sniðteikning af jarðlögum í skurði 5. 24
Mynd 14. Torfveggur [512]. Endurtekningar af þykkum svörtum línum og mjórri gráum. K-920 sést óhreyft beint undir veggnum og landnámslagið (grágrænt og gulleitt) þar undir. Ljósmyndari Lilja Laufey Davíðsdóttir. 25
Mynd 15. Staðsetning þeirra staða sem voru myndaðir úr lofti með flygildi. 26
Mynd 16. Ferðamannagötur ÁR-671:019. Ein af mörgun myndum sem teknar voru af leiðinni sem mótvægisaðgerð við raski á henni við lagningu Búðafossvegar. Ljósmyndari Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 27
Mynd 17. Stóra-Hofsgatan, ÁR-671:025. Ein af mörgun myndum sem teknar voru af leiðinni sem mótvægisaðgerð við raski á henni við lagningu Búðafossvegar. Ljósmyndari Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 27
Mynd 18. Gata RA-681:012. Ein af mörgun myndum sem teknar voru af leiðinni sem mótvægisaðgerð við raski á henni við lagningu Búðafossvegar. Ljósmyndari Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 28

Mynd 19. Skógargötur RA-681:011. Ein af mörgun myndum sem teknar voru af leiðinni sem mótvægisaðgerð við raski á henni við lagningu Búðafossvegar. Ljósmyndari Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 28
Mynd 20. Leið RA-444:044 í landi Vindáss. Ekki voru gerðar neinar kröfur um mótvægisaðgerðir en þó voru teknar myndir af leiðinni. Ljósmyndari Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 29
Mynd 21. Mógrafir RA-444:030 í landi Vindáss. Ljósmyndari Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 29
Mynd 22. Leið RA-443:044 í landi Minnivalla. Ein af mörgun myndum sem teknar voru af leiðinni sem mótvægisaðgerð við raski á henni við lagningu Búðafossvegar. Ljósmyndari Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 30
Mynd 23. Plógför til skógræktar, plægð í gegnum Seltættur RA-444:024. Ljósmyndari Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 31
Mynd 24. Seltættur RA-444:024. Grafinn var skurður í meinta þúst 024_04 og garðlag 024_05. Kortagerð Lilja Laufey Davíðsdóttir. 32
Mynd 25. Horft yfir tóft í úthaga Vindáss, sem könnunarskurður 2 var tekinn í gegnum. Ljósmynd Lilja Laufey Davíðsdóttir. 33

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer (málsnúmer MÍ): 202211-0006

Þjóðminjasafnsnúmer (ÞJMS): 2022-83

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna:
RA-291:057, RA-444:024_05, RA-444:024_04, RA-444:046, RA-444:008, RA-444:009, RA-671:025, RA-671:019, RA-681:011, RA-444:030, RA-444:044, RA-681:012.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir (2022). *Fornleifaskráning: Búðafossvegur*. FS895-22291. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Stutt lýsing rannsóknar: Könnunarskurðir voru teknir á fimm stöðum í land Vindáss og teknar voru drónamyndir af fimm leiðum og einu mógrafasvæði vegna lagningar Búðafossvegar og brúargerðar yfir Þjórsá.

Tegund rannsóknar: Framkvæmdarrannsókn

Ástand fornleifa við lok rannsóknar: voru þær huldar aftur eða fjarlægðar: Skurður voru fylltir eftir að þeir höfðu verið skráðir.

Staðsetning (staður, sveitarfélag, sýsla): Vindás og Minnivellir í Rangárþing ytra; Skaftholt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

GPS hnit (miðja rannsóknarsvæðis): A: 438730, N: 390443

Rannsóknartími (nákvæmar dagsetningar): 7.-8. nóv 2022 og 18. nóv 2022

Leyfishafi: Lilja Laufey Davíðsdóttir

Fjöldi starfsmanna: 4

Staðsetningarkort



Mynd 1. Kortið sýnir staðsetningu Búðafossvegar á milli Árness í Skeiða-og Gnúpverjahreppi, í gegnum land Vindáss og Minnivalla í Rangárþingi ytra.

Útdráttur

Í tengslum við skráningu fornleifa vegna lagningar Búðafossvegar og brúargerðar yfir Þjórsá setti Minjastofnun Ísland fram mótvægiskröfur vegna þeirra fornleifa sem munu raskast á þeim þremur jörðum sem vegurinn liggur í gegnum; Skaftholti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Vindási og Minnivöllum í Rangárþingi ytra. Áætlað var að grafa sex könnunarskurði í sex mismunandi minjastaði auk þess að mynda sex aðra minjastaði með flygildi, á þremur jörðum. Einn minjastaðanna sem grafa átti í reyndist ekki vera fornleif og því voru grafnir fimm skurðir á fimm minjastöðum. Mannvistarleifar komu í ljós í fjórum af þessum skurðum. Minjarnar reyndust allar vera nokkuð fornar, byggðar á 10.-11. öld og líklega komnar úr notkun á 12. öld, þó svo að ekki hafi verið hægt að staðfesta efri tímamörk á einum minjastaðnum þar sem gjóskulag frá 1158 sást ekki í skurðinum. Tóft sem skráð var sem heytóft í fornleifaskráningu hefur líklega verið notuð í tengslum við húsdýrahald í úthaga en frekari rannsókna er þörf á tóftinni til á komast að nákvæmu hlutverki hennar. Í henni virtist vera gráleit lífræn gólfskán og annað hólfið var að líkindum niðurgrafið. Allar minjar sem voru rannsakaðar á svæðinu voru samtíða og má því velta því fyrir sér heildarsamhengi þeirra og hvort að jörðin hafi mögulega verið nýtt til seljabúskapar áður en heilsársbúseta þar hófst.

Lykilorð

Rangárþing ytra, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Landsveit, Vindás, fornleifarannsókn, könnunarskurðir, sel, landnám.

Abstract

Due to the construction of Búðafossvegur road and a bridge over Þjórsá, the Cultural Heritage Agency of Iceland wrote specifications detailing necessary archaeological investigations within the proposed development area; in Skaftholt in Skeiða- og Gnúpverjahreppur, as well as Vindás and Minnivellir in Rangárþing ytra. The original specification identified six archaeological sites which were to be investigated by trenching, with another six to be photographed with the help of a drone. Only five test trenches were excavated since one of the sites turned out to be related to modern construction. Archaeological remains were found in four of the five trenches. These were all dated to the 10th or 11th century and were likely out of use in the early 12th century, although it was not possible to confirm the upper date in one of the trenches since the H-1158 tephra was not detectable in the sections. The small structure, previously recorded as a hay storage in the archaeological survey, has probably been used in connection with livestock sheltering or grazing, though further excavations are necessary to determine its function. A possible floor was detected in the section and part of the structure appears to have been cut into the ground. All structures that were trenched were contemporary with one another and one can therefore speculate about the overall context of the structures and whether transhumance was practiced in Vindás before year-round occupation started in the area.

Keywords

Rangárþing ytra, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Landsveit, Vindás, archaeological excavation, test trench, shieling, settlement.

Inngangur

Vorið 2022 vann Fornleifastofnun Íslands fornleifaskráningu að beiðni Vegagerðarinnar vegna lagningar Búðafossvegar og brúargerð yfir Þjórsá. Fyrirhuguð veglína liggur fá Árnesi í gegnum Minna-Hof og Skaftholt yfir í Landssveit í gegnum jarðir Minnivalla og Vindáss og mun tengja saman sveitafélögin Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Rangárþing ytra (sjá mynd 1).[1]

Í kjölfar fornleifaskráningarinnar gerði Minjastofnun Íslands kröfur um mótvægisaðgerðir vegna þeirra minjastaða sem munu raskast við vegagerðina. Langflestar minjarnar sem voru rannsakaðar voru í landi Vindáss í Rangárþingi ytra en auk þess var ein leið í landi Minnivalla og nokkrar leiðir sem lágu yfir fleiri en eina jörð. Garðlag sem taka átti skurð í gegnum í landi Skaftholts reyndist vera kaldavatns lögn. Mótvægiskröfur Minjastofnunar voru annars vegar að taka könnunarskurði í tóftir eða garðlög og hins vegar að taka myndir með flygildi af leiðum og mógröfum.[2]

Í framhaldinu fór Vegagerðin þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses að stofnunin tæki að sér fornleifarannsóknir á svæðinu. Rannsóknin fór fram í nóvember 2022 og stýrði Lilja Laufey Davíðsdóttir rannsóknum á vettvangi en auk hennar unnu Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Lísabet Guðmundsdóttir og Stefán Ólafsson að rannsókninni. Ragnheiður Gló sá um myndatöku á vettvangi með flygildi en Lilja Laufey sá um skýrsluskrif, kortagerð og almenna úrvinnslu.

Markmið og framkvæmd

Markmið rannsókna á svæðinu var að afla grunnupplýsinga um þá minjastaði sem munu verða fyrir raski við lagningu Búðafossvegar til þess að hægt væri að ákvarða nánar hvort frekari rannsókna yrði þörf á svæðinu. Samkvæmt úrskurði Minjastofnunnar um mótvægisaðgerðir var aðgerðum skipt upp í þrjá flokka (sjá mynd 2):

A. Minjastaðir sem er nálægt framkvæmdum en munu sleppa við raks ef minjar eru merktar á framkvæmdatíma:
   ÁR-289:037 (varða)
   RA-444:024 (seljatóftir)
   RA-444:045 (tóft/heystæði)

B. Minjastaðir hvar ekki verður komist hjá raski. Mótvægisaðgerðir eru skráning, sem farið hefur fram, en auk þess er lagt til að staðirnir verði myndaðir með flygildi (dróna):
   ÁR-671:025 (Stóra-Hofsgatan/leið)
   ÁR-671:019 (Ferðamannagötur/leið)

[1] Ragnheiður Gló Gylfadóttir (2022).
[2] Bréf Minjastofnunar Íslands (MÍ202210-0086/6.09/U.Æ).



Mynd 2. Kortið sýnir staðsetningar minja innan rannsóknarsvæðisins og hvaða mótvægisaðgerðir voru nauðsynlegar. Kortagerð Lilja Laufey Davíðsdóttir.

RA-681:011 (Skógargötur/leið)

RA-681:012 (gata/leið)

RA-443044 (gata/leið)

RA-444:030 (mógrafir)

C. Minjastaðir sem fyrirsjáanlegt er að muni verða fyrir raski og þarf að rannsaka ýmist með jarðvegsbor eða skurðgreftri, eftir aðstæðum:
ÁR-291:057 (garðlag/vörslugarður) Ekki grafinn skurður.
RA-444:024_05 (garðlag/vörslugarður)
RA-444:024_04 (þúst)
RA-444:046 (tóft/heystæði)
RA-444:008 (garðlag/vörslugarður)
RA-444:009 (garðlag/vörslugarður) [3]

Liður A var eini liðurinn sem ekki var á ábyrgð Fornleifastofnunnar Íslands heldur mun Vegagerðin sinna því að merkja fornleifarnar á framkvæmdartímar. Kröfum um mótvægisaðgerðir var fylgt að öllu leyti, nema í þeim tilvikum þar sem nánari athuganir leiddu í ljós að minjastaður reyndist ekki vera fornleifar. Það var í tilfelli meints vörslugarðs ÁR-291:057 en við nánari athugun reyndist hann ekki vera garður, heldur kaldavatnslögn. Enginn skurður var því grafinn á þeim slóðum.

Aðferðafræði

Könnunarskurðir voru allir vélgrafnir og voru þeir grafnir þvert í gegnum garðlög á svæðinu. Í tilfelli tófta og þústa voru fyrst teknir borkjarnar til að ákvarða hvar skyldi taka könnunarskurð í gegnum þær. Grafið var niður í óhreyfð forsöguleg mannvistarlög. Snið könnunarskurða voru ljósmynduð og þar sem mannvistarlög voru sýnileg voru sniðin teiknuð í skalanum 1:10 eða 1:20. Allir skurðir og borkjarnar voru mæld upp með Trimble Geoexplorer 6000 staðsetningartæki og mælingar leiðréttar eftir á.

Uppgröftur og skráning mannvistarlaga fylgdi svokallaðri einingaaðferð (e. *single context recording*), sem lýst er í uppgraftarhandbók Fornleifastofnunar Íslands.[4] Hún felur í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d. jarðlag, holu, gröf, eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er t.d. eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðlög og mannvirki sem hafa verið grafin upp á svæðinu. Á meðan á uppgreftri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem

[3] Bréf Minjastofnunar Íslands (MÍ202210-0086/6.09/U.Æ)
[4] Lucas, G. (2003).

heldur utan um aldursröð þeirra sem og annað samhengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið þeim sem grefur kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins t.d. þær sem taldar eru tilheyra sama notkunarskeiði, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgraftar í rituðu máli er vísað í númer einninga og hópa þar sem það á við.

Gripir

Gripir sem finnast við uppgröft eru einnig mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a gefið góða vísbendingu um aldur mannvistarlaga eða hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi. Ekki finnast allir gripir í samhengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgraftarsvæði en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlögum gripir koma, eru einninganúmer mannvistarlaganna hengd við gripanúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið. [5] (Lucas, 2003). Engir gripir komu í ljós í rannsókninni í tengslum við lagningu Búðafossveg.

[5] Lucas, G. (2003).

Vettvangsrannsókn

Í tengslum við lagningu Búðafossvegar milli Árness í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Landssveitar í Rangárþingi ytra fór Minjastofnun Íslands fram á rannsókn á minjum á nokkrum stöðum, annars vegar í formi könnunarskurða og hins vegar í formi loftmynda úr flygildi. Teknir voru fimm skurðir á fimm svæðum en auk þess var flogið yfir sex minjastaði með dróna og þau mynduð í þaula (sjá mynd 3). Eins og áður var greint frá var ekki tekin skurður í garðlag RA-291:057 þar sem í ljós kom að ekki var um garðlag að ræða heldur kaldavatnslögn. Hér á eftir er ýtarleg umfjöllun um hvern könnunarskurð fyrir sig en verður fjallað um allar loftmyndatökurnar í sér kafla.



Mynd 3. Staðsetning könnunarskurða á rannsóknarsvæðinu.

Skurður 1 – Garðlag/vörslugarður (RA-444:008)

Skurður 1 var tekinn í gegnum garðlag RA-444:008 sem er á svokölluðum Skammbeinási. Vísað er í þetta garðlag sem p.553 í skýrslu um gjóskulagagreiningar (sjá viðauka 4). Garðlagið liggur fast vestan við áætlaða veglínu Búðafossvegar og innan áhrifasvæði hans en garðurinn mun að öllum líkindum hverfa að miklu leyti undir veginn við lagningu hans. Eins og kemur fram í skráningarskýrslu er garðurinn fremur fornlegur, 3 m breiður og tæpur 1 m á hæð.[6] Skurður var tekinn í u.þ.b. mitt garðlagið og snéri hann nokkurn vegin norður-suður. Skurðurinn var um 9x1 m að stærð og um 1 m á dýpt og var austursnið hans teiknað (sjá mynd 5).

Torfveggur [111] sást í austursniði skurðarins. Torfið var fremur einkennalítið en þó greinilegar endurtekningar af jarðlögum auk þess að landnámslagið og K~920 voru í torfinu (sjá mynd 4). Yfir torfveggnum voru tvö greinileg gjóskulög, K-1918 [102] og H-1693 [105] en tvö ógreinilegri gjóskulög, K-1721 og H-1845, sáust við athuganir gjóskulagafræðings (sjá viðauka 4). Milli yfirborðslags [101] og gjóskulaga voru uppsöfnuð foklög [102], [103] og [109] en einnig rofin og náttúrulega hreyfð jarðlög [108] og [104]. Greinileg torfhrun úr vegg [111] voru sitt hvoru megin við vegginn [107], [106]og [110]. Mögulega var skorið fyrir efni í garðinn að sunnan [112] og að norðan [113], en þó er ekki hægt að útiloka að jarðvegur þarna hafi rofnað eftir að veggurinn var hlaðinn, sérstaklega ef tekið er mið af því að

Mynd 4. Torfveggur [111] og önnur jarðlög í sniðinu í skurði 1. Náttúruleg jarðlög er mjög litrík og áberandi. Horft til vesturs. Ljósmyndari Stefán Ólafsson.

[6] Ragnheiður Gló Gylfadóttir (2022),



101 Yfirborðslag, grasrót. Mosi, gras; mólendi í brekku sem hallar til austurs. Dökk brúnt jarðlag. Vottar fyrir að vera flekkótt en mjög vindblásið.
102 Mjög slitrótt, dökkt gjóskulag. Greint sem K-1918.
103 Brúnt jarðlag og laust í sér. Vindblásið uppsöfnunarlag, með gjósku K-1721 (gjóska ekki teiknuð).
104 Dökk gjóska. Jarðlag líklega eitthvað hreyft. Mögulega gamalt rof.
105 Mjög slitrótt, dökkt gjóskulag, H-1693.
106 Hrun úr torfvegg [111]. Nokkuð blandað eða hreyft.
107 Hrun úr vegg [111]. Vottar fyrir að vera flekkótt. Vindblásið.
108 Dökkt vindblásið og einsleitt jarðlag. Uppsafnað með smávegis gjósku.
109 Vindblásið uppsöfnunarlag, óljósir flekkir í því. Sennilega blanda af hruni og vegg [110]. Grjót sem sést í vestursniðið er sennilega úr þessu lagi.
110 Hrun úr vegg, hreyft og lítið eitt lagskipt.
111 Torfveggur, hlaðinn út mjög einkennalitlu torfi, dökkbrúnn, ljósbrúnn og svartur að lit. Þó má sjá votta fyrir endurteknum línum við ytri mörkin beggja vegna. Inn að miðju er torfveggurinn blandaður, með ljósum skellum í hleðslunni. Tvær gjóskur eru í torfinu; LNL og K~920.
112 Pæla. Skorið niður fyrir efni í garðinn að sunnan.
113 Mögulega pæla, skorið niður fyrir garðinn að norðan.
114 Náttúruleg jarðlög. Lagskipt.

Mynd 5. Jarðlög í skurði 1. Torfveggur með Landnámslaginu og K~920 sést í skurðinum [111] og skorið hefur verið niður fyrir efni í garðinn [112].

náttúruleg jarðlög [114] eru mjög litrík og áberandi á þessu svæði og torfið í garðinum var fremur einkennalítið í sniðinu. Náttúruleg sandlinsa [113] var undir garðinum en engin ummerki sáust um landnámslagið né K~920 *in situ*. Um 10 cm þykkur jarðvegur er á milli torfveggjar [111] og elsta gjóskulagsins H-1693 [105] og staðfestir það að garðurinn hafi verið hlaðinn fyrir 1600 og vel hugsanlegt er að hann sé jafnvel frá 10.-11. öld (sjá viðauka 4, bls. 3).

Skurður 2 – Tóft RA-444:046

Skurður 2 var tekinn í gegnum meinta heytóft RA-444:046 og er hún merkt sem p.551 í viðauka 3. Tóftin er í miðlínu áætlaðs vegar og því mun hún raskast við lagningu hans.[7] Á yfirborði sést tóftin sem einföld tóft, 12 x 7,5 m af stærð og veggir eru mjög þýfðir og signir. Hún var upphaflega skráð sem heytóft í úthaga. Fjórir borkjarnar voru teknir í tóftina til þess að reyna átta sig á því hvar væri best að taka skurðinn. Borkjarnarnir leiddu í ljós að sunnar í tóftinni sáust greinileg hreyfð torflög en minna var um mannvist eftir því sem norðar dróg. Því var ákveðið að taka skurðinn í suðurhluta tóftarinnar. Skurðurinn var 6 x 1 m að stærð og snéri nokkurn vegin norður-suður. Vestursnið skurðar var teiknað (sjá mynd 8).

Mynd 6. Torfveggur [215] í skurði 2 og niðurgröftur [218] vinstra megin við torfvegginn. Horft til vesturs. Ljósmyndari Lísabet Guðmundsdóttir.

Greinilegur torfveggur [215] byggður úr streng, sem virtist vera milliveggur í tóftinni sást í sniðinu (sjá mynd 6). Torfið var dæmigert þétt mýrartorf, mjög litríkt og sáust 3-4 endurtekningar af gjóskulínum í torfinu sem greindar voru af gjóskulagafræðingi sem landnámslagið og K~920. Tóftin

[7] Ragnheiður Gló Gylfadóttir (2022), 20-21.

var niðurgrafin að sunnan [218] (sjá mynd 4) og feitt gráhvítt gólflag var í botni tóftarinnar [217] (sjá mynd 7). Það leit út fyrir að vera lífrænt og mögulega tengdist einhvers konar húsdýrahaldi. Torfhrun [206], [209], [210], [212] og [213] voru sitthvoru megin veggjarins og torfa [208] var einnig hrunin, en lag hennar hefur þó haldið sér betur. Ýmis foklög [202], [204], [205] og [207] voru yfir minjunum. Í foklagi [205] voru greinilegar gjóskuleifar sem voru greindar sem H-1693 *in situ*. Annað dökkt gjóskulag [203] var einnig yfir tóftinni sem var greint sem K-1918 en gjóskulagafræðingur sá þar að auki gjóskulagið K-1721 á milli H-1693 og K-1918. Gjóskulagafræðingur sá einnig tvö gjóskulög yfir torfhruni [213], lögin H-1158 og H-1104. Landnámslagið [214] hefur verið skorið í burtu sunnan í tóftinni en sést norðan við torfvegg [215]. Miðað við þessar upplýsingar er tóftin nokkuð forn, byggð á 10.-11. öld, en hefur verið fallin úr notkun fyrir árið 1104 enda leggst H-1104 upp að torfhruni frá veggjum hennar. Veggir tóftarinnar eru mjög sokknir og hlaupnir í þúfur og því er erfitt að sjá nákvæmar útlínur hennar. Ef tekið er mið af því hvernig tóftin var mæld upp í fornleifaskráningu virðist vera torfveggur [215] vera milliveggur í tóftinni. Mögulegt gólf sést í niðurgrafna hlutanum, sunnan veggjar en ekkert slíkt sést að norðan. Það auk þess að hún er tvískipt, bendir til þess að ekki sé um heytóft að ræða og meiri líkur séu á því að tóftin tengist einhvers konar húsdýrahaldi í úthaga.



Mynd 7. Hvítt mjög þunnt mannvistarlag [217] í botni niðurgraftrar í skurði 2. Horft í vestur. Ljósmyndari Lilja Laufey Davíðsdóttir.

Skurður 2

- Vestursnið



201 Yfirborðslag.
202 Fokmold, ljósbrún og laus í sér.
203 Dökkt/svart gjóskulag.
204 Brúnn silt jarðvegur - fokmold.
205 Aðeins ljósara fokmoldarjarðlag. Laust í sér með dökkum gjóskuflekkjum og línu.
206 Fokmold með torfflekkjum - hrun.
207 Dökkbrún fokmold með appelsínugulum torfflekkjum og svörtum gjóskuflekkjum.
208 Torfa. Hrun úr vegg. Appelsínugult, dökkbrúnt og gult að lit.
209 Torfhrun sem fallið hefur ofan í tóft. Appelsínugult lag með vott af LNL gjósku. Blandað og ekki eins flekkótt og [208].
210 Torfhrun í tóft, flekkótt. Sama torf og í vegg [215].
211 Þétt brúnt og appelsínugult torf með dökksvartri gjósku, þó ekki eins þétt og í torfvegg [215]. Gæti verið hluti af veggnum sem hefur sigið niður.
212 Frekar dökkt torfhrun.
213 Torfhrun og fokmold.
214 Tvílitt gjóskulag, grátt að ofan og gult að neðan. Landnámslagið.
215 Torfveggur. Strengur. Svört gjóska og þétt mýrartorf eins og er í nágrenninu. Dökkar torfur og línur af LNL og K~920 í torfinu.
216 Appelsínugult náttúrulegt mýrarlag.
217 Botnlag í tóft. Feitt gráhvítt jarðlag, mjög þunnt. Gólflag.
218 Skurður fyrir efnistöku.
219 Náttúrulegt mýrarlag.

Mynd 8. Sniðteikning af skurði 2.

Skurður 3 – þúst (RA-444:024_04)

Skurður 3 var tekinn í gegnum þúst sem talin var tilheyra seltóftum RA-444:024.[8] Þústin er vestast af tóftunum á minjasvæðinu og sú eina sem lendir innan áhrifasvæði vegagerðarinnar. Áður en skurður var grafinn voru teknir sex borkjarnar til að kanna hvort hægt væri að koma auga á besta staðinn til þess að staðsetja skurðinn. Borkjarnar sýndu engin merki um mannvist á svæðinu en þó var ákveðið að grafa skurð í þústina til að vera fullviss um að hún væri náttúruleg. Könnunarskurður var tekinn í norðvesturenda þústarinnar, sem var 5 x 1 m að stærð. Um 50-70 cm voru niður á forsöguleg jarðlög og sást landnámslagið vel í sniðinu. Tvö svört gjóskulög sáust vel ofarlega í sniðinu sem líklega hafa verið tvö af þeim fjórum dökku lögum gjóskulagafræðingur greindi á svæðinu; H-1693, K-1721, H-1845 og K-1918. Engin mannvistarlög komu í ljós í skurðinum, aðeins brún einsleit fokjarðlög á milli gjóskulaganna (sjá mynd 9).

Mynd 9. Engin mannvistarlög voru sjáanleg í skurði 3. Þústin virðist hafa myndast á náttúrulegan hátt. Horft í suðvestur. Ljósmyndari Lilja Laufey Davíðsdóttir.

[8] Ragnheiður Gló Gylfadóttir (2009), 18.

Skurður 4 – Garðlag/vörslugarður (RA-444:024_05)

Skurður 4 var tekinn í gegnum garðlag RA-444:024_05 sem tilheyrir sömu minjaheild, seltóftum, og meint þúst sem skurður 3 var tekinn í gegnum[9]. Garðlagið er merkt p.552 í viðauka 3. Garðurinn liggur frá Þjórsá og afmarkar austurhlið og hluta af suðurhlið túns þessa bæjar/selstæðis. Garðurinn sem afmarkar suðurhlið túnsins er nánast allur innan áhrifasvæðis Búðafossvegar og mun raskast við vegagerðina. Könnunarskurður var tekin í gegnum garðlagið nokkuð austarlega en þó innan áhrifasvæðis. Skurðurinn var 6,5 x 1,1 m að stærð og snéri norður-suður. Vestursnið skurðarins var teiknað (sjá mynd 11).

Mynd 10. Torfveggur [414] í skurði 4 sést fyrir miðri mynd. Landnámslagið og K~920 eru óhreyfð undir veggnum. Horft í vestur. Ljósmyndari Lilja Laufey Davíðsdóttir.

Torfveggur [414] var hlaðinn úr streng og sáust 5-6 endurtekningar af brúnleitu torfi með landnámslaginu og K~920. Torfveggurinn var byggður stuttu eftir að þau gjóskulög féllu og sjást þau óhreyfð undir veggnum og sunnan við hann [148] og [419]). Pæluskurður [415] sker í gegnum gjóskulögin og einnig svarta forsögulega gjósku [420] sem einnig sést óhreyfð undir veggnum (sjá mynd 10). Jarðlag [417] er lítillega hreyft, sambland af þessum þremur gjóskum sem líklega hefur hreyfst eitthvað við vegghleðsluna. Ljós steingrá gjóska [413] sem greind var sem H-1158, sást í syðsta hluta skurðarins en þar sáust tengslin við bygginguna ekki nægilega vel, þó það líti svo út fyrir að hún hafi mögulega verið yfir pæluskurðinum. Í austursniði skurðarins sást hins vegar betur að þessi gjóska lá yfir torfhruni úr veggnum og því hefur torfið verið hrunið að einhverju leiti árið 1158 þegar gjóskan

[9] Ragnheiður Gló Gylfadóttir (2022), 18.



401 Yfirborðslag, brúnt og laust í sér.
402 Svart gjóskulag í yfirborði: greint sem K-1918.
403 Brún, einsleit fokmold.
404 Dökkt/svart gjóskulag. Víða rofið og hrunið. Greint sem K-1721.
405 Lífrænt jarðlag, dökkbrúnt og út í fjólublátt. Mögulega yfirborð þegar gjóska K-1721 féll.
406 Einsleitt ljós rauðbrúnt jarðlag.
407 Brún, einsleit fokmold.
408 Torfa sem hefur hrunið til hliðar af torfveggnum en haldið lagi sínu frekar vel. Strengjatorf með K~920 en ekki augljósum línum af LNL, rauðleitt og ljósbrúnt.
409 Brúnt torfhrun með svartri gjósku (greint sem K~920). Ekki augljóst LNL gjóska í því.
410 Fylling í skurði [415]. Að mestu torf en þó líklega blandað foki. Hreyft með gjóskuleifum, bæði LNL og K~920.
411 Torfhrun með LNL og K~920. Brúnt og rauðbrúnt.
412 Brúnt jarðlag. Smávegis af torfleifum en mun minna en í [410]. Mörk milli jarðlaganna óljós.
413 Steingrá gjóska. Greind sem H-1158.
414 Torfveggur með 5-6 strengjum af LNL og K~920.
415 Pæla, skorið niður fyrir efni í vegg [414].
416 Ljósbrúnn einsleitur jarðvegur.
417 Blandað gjóskulag: Flyksur af LNL og K~920 og eldra kötlulagi [418], [419] og [420]. Greinilegt að það er raskað eða blásið. Allavega blandað.
418 Svört Kötlugjóska, greind sem K~920.
419 LNL in situ.
420 Svört Kötlugjóska. Brúnn jarðvegur á milli 419 og 420, um 0,5-1 cm.
421 Mjúkur forsögulegur rauðbrúnn jarðvegur.
422 Grófkortnótt gjóska, tvískipt. Efra lag svart og gulleit gjóska undir. Gulleiti hlutinn grófkornóttur. Forsögulegt gjóskulag.
423 Náttúruleg jarðlög. Lagskipt. Allavega fjórar línur af forsögulegum gjóskulögum.

Mynd 11. Sniðteikning af jarðlögum í skurði 4.

dreifðist það yfir. Torfhrun [409], [410] og [411] sáust sunnan við torfvegginn og ofan á honum en nánast ekkert torf hafði hrunið til norðurs. Torfa [408] hefur einnig fallið eða sigið af veggnum en lag hennar hafði haldið sér að mestu leiti og þar sást enn strengjatorf með landnámslaginu og K~920. Þrjú dökk gjóskulög sáust yfir torfveggnum, K-1918 [402], líklega H-1845 (ekki teiknað) og K-1721 [404]. Á milli gjóskulaganna voru brún, einsleit fokjarðlög [403], [406] og [407] auk torfblandaðs foklags [412] og lífræns náttúrulegs jarðlags [405]. Smávegis rof virðist hafa átt sér stað norðan við garðlagið á einhverjum tímapunkti og má sjá að jarðlög þar voru rofin og hreyfð. Bæði K-1721 gjóskan og jarðlag [405] höfðu rótast og önnur jarðlög voru horfin af svæðinu, þar á meðal landnámslagið og K~920.

Ef tekið er mið af gjóskulögum og mannvist í skurðinum, hefur garðlagið verið byggt einhvern tímann á milli 920 og 1158, á 10.-11. öld. Garðurinn hefur verið byrjaður að hrynja þegar gjóskulagið féll árið 1158. Engar viðgerðir eða viðbætur sjást á garðlaginu og má því ætla að býlið/selið sem garðurinn afmarkaði hafi verið í notkun á þessu tímabili, þó mögulegt sé að það hafi verið í notkun lengur. En þar sem engar endurbætur sjást á garðinum má ætla að hann hafi að minnsta kosti ekki verið í notkun lengur en eitthvað fram á miðja 12. öldina.

Skurður 5 – Garðlag/vörslugarður (RA-444:009)

Skurður 5 var tekinn í gegnum garðlag RA-444:009. Garðlagið er á svipuðum stað og garður RA-444:008 sem skurður 1 var tekinn í gegnum og vísað er á það í gjóskulagaskýrslu sem p.554 (sjá viðauka



Mynd 12. Torfveggur [512] í skurði 5. Í torfinu sjást allt að 10 endurtekningar af landnámslaginu og K-920. Landnámslagið og K-920 sjást einnig óhreyfð undir veggnum.



501 Yfirborðslag.
502 Gróf kornótt svört gjóska, K-1721 eða H-1693.
503 Rauðbrún fokmold. Laus í sér, sérstaklega að austanverðu.
504 Rauðbrún fokmold. Þéttari í sér en [503] - smá gjóskuflekkir og torfflekkir.
505 Brúnt fokmoldarlag - laust í sér og smá sendið.
506 Torfblandað jarðlag með dökkri gjósku og LNL.
507 Rauðbrún fokmold - sama og [504].
508 Ljóst gjóskulag, nánast hvítt. Smávegis grár leir undir því.
509 Rauðbrún fokmold - smá torfflekkir úr garði blandað við fokjarðveg.
510 Dökk rauðbrún fokmold, svipuð og [504] en bara dekkri. Leggst upp að torfvegg [512].
511 Fokjarðvegur og hrun úr vegg [512]. Dökk gjóska í torfi.
512 Garðlag, torfveggur - strenghlaðinn með tveimur tegundum af gjóskum; LNL og K~920.
513 Svört gjóska K~920 in situ
514 Landnámslagið in situ
515 Brúnn jarðvegur [silt] undir vegg.
516 Brúnn jarðvegur (silt) með grásvartri gjósku sem verður grá þegar hún þornar. Forsöguleg gjóska enda undir LNL.
517 Brúnt óhreyft jarðlag.
518 Nánast svört gjóska, forsöguleg.
519 brúnt fokmoldarlag.
520 Mjög gróft tvískipt gjóskulag - dekkra að ofan.
221 Rauðbrúnt óhreyft silt jarðlag.
522 Rauðbrún fokmold - laus í sér.

Mynd 13. Sniðteikning af jarðlögum í skurði 5.

4). Í skráningarskýrslu eru þessu tvö garðlög talin áþekk og samtíða og jafnvel að þau hafi tengst. Garðurinn liggur vestur-austur á 80 m löngum kafla. Hann er mjög útflattur og breiður. [10] Þegar vettvangsrannsóknin var unnin í nóvember kom í ljós að líklega beygir garðurinn frá austurenda beint í norður og hægt var að rekja hann á 83 m löngum kafla nánast beint í norður, meðfram bílsslóða sem liggur þar fram hjá. Könnunarskurður var tekinn í garðlagið nálægt horninu þar sem það beygir til norðurs. Skurðurinn var 7 x 1,1 m stærð og snéri norður-suður og var vestursnið hans teiknað (sjá mynd 13.)

Torfveggur [512] er hlaðinn úr streng og sjást allt af tíu endurtekningar af landnámslaginu og K~920 í torfinu (sjá mynd 14). Veggurinn er byggður beint ofan á óhreyft K~920 [513] og landnámslagið [514] lá þar beint undir. Bæði gjóskulögin fundust bara undir garðinum en voru fokin eða rofin annars staðar í skurðinum. Engin augljós pæla sást í sniðinu en torfhrun var beggja vegna veggjar, [509] og [511] að norðan og [510] að sunnan. Yfir torfhruni [509] að norðanverðu sást gráhvít gjóska [513] sem tekið var sýni af og greint sem H-1158 (sjá viðauka 4). Jarðlög [506] og [504] voru blönduð torfhrun og foklög en bæði voru með svörtum gjóskuleifum líkt of fannst í torfveggnum sjálfum. Ein svört gjóska fannst yfir veggnum sem er annaðhvort K-1721 eða H-1693 og á milli gjóskulaga og torfhruna var að finna mikið af fokjarðvegslögum [522], [503], [505] og [507] (sjá mynd 12). Ef tekið er mið af þeim gjóskulögum og mannvist sem fundust í skurði 5 virðist garðurinn hafa verið byggður fljótlega eftir að Katla gaus um árið 920 og var fallinn úr notkun áður en að Hekla gaus árið 1158.

Mynd 14. Torfveggur [512]. Endurtekningar af þykkum svörtum línum og mjórri gráum. K-920 sést óhreyft beint undir veggnum og landnámslagið (grágrænt og gulleitt) þar undir. Ljósmyndari Lilja Laufey Davíðsdóttir.

Loftmyndataka með flygildi

Hluti af þeim mótvægisaðgerðum sem Minjastofnun Íslands setti skilyrði um á svæðinu var að taka loftmyndir af mógröfum og leiðum sem raskast við vegagerðina. Flygildi var flogið kerfisbundið yfir fornleifarnar til að ná sem bestum og nákvæmustum myndum af þeim. Minjastaðirnir sem myndaðir voru, voru alls sjö talsins (sjá mynd 15), en auk þeirra sex staða sem Minjastofnun Íslands gerði kröfu um að yrðu myndaðir, var gata RA-444:044 var einnig mynduð (sjá myndir 16-21).

[10] Rangheiður Gló Gylfadóttir (2022), 16.



Mynd 15. Staðsetning þeirra staða sem voru myndaðir úr lofti með flygildi.

Mynd 16. Ferðamannagötur ÁR-671:019. Ein af mörgun myndum sem teknar voru af leiðinni sem mótvægisaðgerð við raski á henni við lagningu Búðafossvegar. Ljósmyndari Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

Mynd 17. Stóra-Hofsgatan, ÁR-671:025. Ein af mörgun myndum sem teknar voru af leiðinni sem mótvægisaðgerð við raski á henni við lagningu Búðafossvegar. Ljósmyndari Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

Mynd 19. Skógargötur RA-681:011. Ein af mörgun myndum sem teknar voru af leiðinni sem mótvægisaðgerð við raski á henni við lagningu Búðafossvegar. Ljósmyndari Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

Mynd 18. Gata RA-681:012. Ein af mörgun myndum sem teknar voru af leiðinni sem mótvægisaðgerð við raski á henni við lagningu Búðafossvegar. Ljósmyndari Ragnheiður Gló Gylfadóttir.



Mynd 21. Mógrafir RA-444:030 í landi Vindáss. Ljósmyndari Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

Mynd 20. Leið RA-444:044 í landi Vindáss. Ekki voru gerðar neinar kröfur um mótvægisaðgerðir en þó voru teknar myndir af leiðinni. Ljósmyndari Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

Mynd 22. Leið RA-443:044 í landi Minnivalla. Ein af mörgun myndum sem teknar voru af leiðinni sem mótvægisaðgerð við raski á henni við lagningu Búðafossvegar. Ljósmyndari Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

Lokaorð

Vegagerðin er með áætlanir að tengja saman sveitafélögin Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Rangárþing Ytra með lagningu Búðafossvegar yfir Þjórsá. Vegurinn mun liggja í gegnum land Vindáss í Rangárþingi og munu fornminjar raskast við vegagerðina. Því setti Minjastofnun Íslands fram mótvægisaðgerðir um að rannsaka þyrfti sex minjastaði með könnunarskurðum auk þess að taka loftmyndir af sex öðrum minjastöðum. Allar minjarnar voru í landi Vindáss í Rangárþingi ytra fyrir utan eitt garðlag í landi Skaftholts í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Við nánari athugun kom þó í ljós að ekki var um garðlag að ræða, heldur uppmokstur fyrir kaldavatnslögn í Árnesi. Enginn skurður var því grafinn á svæðinu. Þúst sem talin var tilheyra gömlu selstæði í Vindási reyndist sömuleiðis aðeins vera náttúrulegar þúfnamyndanir. Því var aðeins mannvist að finna á fjórum af þeim sex stöðum sem upprunalega átti að rannsaka.

Þegar komið var á staðinn í nóvember var byrjað á því að kanna þau svæði sem grafa átti skurði í og þá komu í ljós verulegar breytingar á landinu frá því um vorið, þar sem sel RA-444:024 hafði verið skráð. Minjarnar höfðu verið skráðar í hættu vegna þeirra vegagerðar sem var í bígerð á svæðinu og fjallað hefur verið um í þessari skýrslu. Hins vegar kom í ljós að þeim stafaði stórhætta af skógrækt sem áætluð hefur verið á svæðinu. Búið var að plægja upp stórt svæði og gera tilbúið til plöntunnar (sjá mynd 22), meðal annars þar sem Seltættur 024 eru staðsettar. Búið var að raska þremur tóftum af þeim fjórum sem voru á svæðinu. Minjavörður Suðurlands var látin vita af stöðu mála.

Mynd 23. Plógför til skógræktar, plægð í gegnum Seltættur RA-444:024. Ljósmyndari Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

Grafnir voru skurðir í þrjú garðlög og eina tóft og reyndust allar minjar vera frá fyrstu öldum búsetu á landinu. Skurðir 1 og 5 voru grafnir í gegnum garðlög syðst á rannsóknarsvæðinu og voru um 400 m á milli þeirra. Í fornleifaskráningarskýrslu var þeirri hugmynd velt upp hvort að garðlögin hafi verið samtíða og mögulega samtengd.[11] Niðurstöður könnunarskurða sýna fram á að garðlögin voru að öllum líkindum samtíða, bæði byggð á 10. – 11. öld og líklega ekki í notkun lengur en fram á miðja 12. öldina. Könnunarskurðurinn bætti þó litlu við upplýsingar um hlutverk garðanna, annað en að líklega voru þetta einhvers konar vörslugarðar. Einnig er lítið hægt að segja um hvort að garðarnir hafi verið samtengdir eða ekki. Í vettvangsathugun í nóvember kom í ljós að garður RA-444:009, sem skurður 5 var tekinn í gegnum, liggur áfram til norðurs og myndar einhvers konar þvergarð á garðlagið. Því má vel vera að fleiri garðlög leynist á þessu svæði sem koma í ljós við ólíkar gróðuraðstæður. Mögulega er um að ræða stærra garðlagakerfi sem allt tengist, eða bara staka vörslugarða og gerði víðsvegar um svæðið.

